

## REGLUGERÐ

### um lánslyutfall og fjárhæð ÍLS-veðbréfa.

#### 1. gr.

##### *Gildissvið.*

Reglugerð þessi gildir um lánslyutfall og fjárhæðir ÍLS-veðbréfa, sem gefin eru út samkvæmt lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum.

Um framkvæmd og nánari skilyrði lánveitinga Íbúðalánasjóðs gildir reglugerð um ÍLS-veðbréf og íbúðabréf.

#### 2. gr.

##### *Lánslyutfall.*

Fjárhæð ÍLS-veðbréfs skv. VI. kafla reglugerðar um ÍLS-veðbréf og íbúðabréf getur numið allt að 90% af matsverði íbúðar.

#### 3. gr.

##### *Hámarksfjárhæð.*

Hámarkslán Íbúðalánasjóðs bæði til kaupa á notaðri íbúð og vegna nýbygginga er 14.900.000 kr. Uppfærð áhvílandi lán Íbúðalánasjóðs og framfar áhvílandi veð annarra veðhafa koma til frádráttar fyrrgreindri fjárhæð.

#### 4. gr.

##### *Hámark lána vegna viðauka og til endurbóta.*

Lán skv. VII. kafla reglugerðar um ÍLS-veðbréf og íbúðabréf, ásamt öllum uppfærðum lánnum sem á undan hvíla, skal rúmast innan 90% af matsverði viðkomandi íbúðar.

Fjárhæð láns samkvæmt þessari grein og uppreiknaðra áhvílandi lána Íbúðalánasjóðs, má samanlagt ekki nema hærri fjárhæð en 14.900.000 kr. Aukalán til einstaklinga með sérþarfir skerða ekki þetta hámark.

Útgefið ÍLS-veðbréf samkvæmt þessari grein skal að lágmarki nema 570.000 kr.

#### 5. gr.

##### *Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 2. mgr. 19. gr. og 29. gr. laga um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um lánslyutfall og hámarksfjárhæð ÍLS-veðbréfa, nr. 521/2004, með síðari breytingum.

*Félagsmálaráðuneytinu, 6. desember 2004.*

**Árni Magnússon.**

*Guðjón Bragason.*